



Félag löggiltra endurskoðenda

Alþingi
Erindi nr. P 122/468
komudagur 9.12.1997

Suðurlandsbraut 6 • 108 Reykjavík • Ísland • ☎ 568 8118 • Fax 568 8139

Reykjavík, 3. desember 1997

Nefndasvið Alþingis
Hafdís Ólafsdóttir
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Málefni: Frumvarp til laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa, 149 .mál.

Með bréfi dags. 7. nóvember 1997 sl. óskaði Fjármálaráðuneyti eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda um ofangreint málefni.

Á fundi sínum fyrir skömmu tók álitsnefnd Félags löggiltra endurskoðenda framangreint málefni til umfjöllunar. Fylgir hér með greinargerð nefndarinnar.

Stjórn félagsins samþykkir fyrir sitt leyti meðfylgjandi greinargerð.

Virðingarfyllst,

Félag löggiltra endurskoðenda


Þorvarður Gunnarsson
formaður

Álitsnefnd
Félags löggiltra endurskoðenda

Reykjavík, 03. desember 1997

Stjórn Félags löggiltra endurskoðenda
Þorvarður Gunnarsson, formaður
Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík

Málefni: Frumvarp til laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa, 149. mál.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE. Álitsnefnd fjallaði um erindið fyrir skömmu og fara hér á eftir niðurstöður nefndarinnar.


Í 2. mgr. 9. gr. frumvarpsins er fjallað um skyldur endurskoðenda til að gera stjórn verðbréfamiðstöðvar og bankaestirliti viðvart, verði hann var við einhverja ágalla í rekstri verðbréfamiðstöðvar. Þar segir m.a. að „Verði endurskoðandi var við slíka ágalla í rekstri verðbréfamiðstöðvar að reikningar verði ekki áritaðir eða athugasemdir við þá gerðar...“. Hér telur álitsnefnd að vanti inn á eftir „...verði ekki áritaðir...“ orðin „án fyrirvara“. Setningin hljóði þá þannig:

„Verði endurskoðandi var við slíka ágalla í rekstri verðbréfamiðstöðvar að reikningar verði ekki áritaðir án fyrirvara, eða athugasemdir við þá gerðar, ágalla á innra estirliti eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagssöðu fyrirtækisins til áframhaldandi reksturs, svo og ef endurskoðandi hefur ástæðu til að ætla að lög og reglugerðir eða reglur sem gilda um félagið hafi verið brotnar, skal endurskoðandi þegar gera stjórn verðbréfamiðstöðvar og bankaestirliti viðvart.“

Að öðru leyti telur nefndin ekki ástæðu til athugasemda.

Virðingarfyllst,

ÁLITSNEFND FÉLAGS LÖGGILTRA ENDURSKOÐENDA



Þorvarður Gunnarsson
Gunnar Sigurðsson
Jónas Gunnarsson
Alfheiður Þorvaldsson